

#### 4. fundur skólaráðs skólaárið 2020-2021 - 19. maí 2021 kl. 14:10

Mætt: Þorgeir Rúnar Finnsson, Svala Fanney Njálisdóttir, Heiða Björk Pétursdóttir, Hólmfríður Björnsdóttir, Elmar Ingi Gunnþórsson og Karen Fatima Róbertsdóttir. Birgir Már Birgisson, Sigurður Baldur Þorsteinsson og Hermann Gunnar Jónsson voru forfallaðir.

Fundarstjóri: Þorgeir Rúnar Finnsson

Fundarritari: Svala Fanney Njálisdóttir

Fundur haldinn í Holti

##### 1. Mat á skólastarfi

Niðurstöður starfsmannaviðtala voru heilt yfir mjög góðar. Vísir að skýrslu um innra mat mun fylgja með í ársskýrslu skólans en að öðru leyti er framundan vinna við að ramma innra matið og umbótaáætlun því tengt betur inn, sbr. næsta lið.

##### 2. Innra mat skólans

Drög verða lögð að umbótaáætlun sem verður höfð til hliðsjónar við innra mat skólans. Þetta verður langtímaáætlun, líklega til þriggja ára og á planinu að taka hana í gagnið næsta skólaár.

Stefnt að því að setja niður gróft langtímaplan (til ca. 3 ára í senn) með sérstakri umbótaáætlun fyrir hvert skólaár. Græja drög að þessu í vor/haust og lagt fyrir kennarafund og skólaráð og unnið að umbótaáætlun fyrir skólaárið 2021-2022.

Hér getur allt sem tengist skólastarfinu verið undir; skólareglur, tölvu- og tækjamál, starfshættir og stjórnun, nám, kennsluhættir og líðan nemenda, foreldrasamstarf, skólaþróun, aðalnámskrá, grunnþættir menntunar, umhverfismál o.s.frv. o.s.frv.

Með því að setja okkur plan og vinna svo umbótaáætlun úr því er líklegri að við raunverulega tökum sem flesta þætti til skoðunar og reynum að bæta þá. Það getur verið með því að gera kannanir, breytingar á starfsháttum, rýnifundur og mat á verkum, fræðsla, símenntun o.fl. o.fl.

Þar sem við stefnum á talsverða skólaþróun og þælingar á næstunni er mikilvægt að huga vel að því að meta hvernig til tekst, vera tilbúin að bakka með eða endurskoða hluti sem ekki eru að virka og vera í góðu samtali við skólasamfélagið í gegnum foreldrafélagið, skólaráðið og Fræsk með það.

##### 3. Skóladagatal, hópaskipting og skipulag skólastarfs

Skóladagatal var lagt fram til samþykktar og engar athugasemdir gerðar við það.

Hópaskipting: 3 hópar, skipt eftir stigum, teymiskennsla og aukin samvinna að öllu leyti. 1.-4. verður meira skipt en mið- og unglíngastigi en lögð áhersla á teymisvinnu kennara. Tilgangur og kostir sem við sjáum: Betri nýting á starfsfólki, sameiginleg ábyrgð á undirbúningi og

framkvæmd kennslu, sýnir sig að slíkt eykur fjölbreytni, eykur starfsánægju kennara og nemendur upplifa fjölbreyttara nám. Aukið sjálfstæði og ábyrgð á eigin námi hjá nemendum - stigvaxandi eftir aldri. Rannsóknir og reynsla sýna að í langflestum tilfellum leiðir teymiskennsla til aukinnar skólaþróunar og hefur fjölmarga jákvæða kosti í för með sér.

Ætlum að breyta stundaskránni líka, fara í jafnlanga daga alla daga vikunnar, 8:20-14:00. Hádegismatur/nesti á föstudögum, á eftir að skoðast betur. Dagar byrja á hreyfistund / jóga / hugleiðsla / lestri / og/eða átaksverkefnum í hinu og þessu og svo farið í morgunmat. Grautur og stundum eitthvað fleira (morgunkorn, brauð etc.). Fulltrúum nemenda líst vel á þessar hugmyndir.

#### **4. Starfsmannamál**

Ásta búin að segja upp, þarf að auglýsa eftir skólastjóra. Búið er að ráða Ingu Raket Ísaksdóttur í afleysingastöðu íþróttakennara. Gengur ekkert að ráða í stöðu skólalíða, áhyggjuefni en leysist vonandi.

#### **5. Önnur mál**

##### **a. Fjárhagsáætlun skólans**

Niðurstaða síðasta árs var innan skekkjumarka, ca. 2% yfir áætlun. Horfur ágætari með árið, en ljóst að ekki er mikið svigrúm. Nýir kjarasamningar veiga nokkuð þungt, enda launakostnaður langstærsti kostnaðarliður skólans. Mikilvægt að vera hagsýn í rekstri en það eru ýmis mál sem væri óskandi að hægt væri að hringa í framkvæmd, eins og t.d. áframhaldandi tækjavæðing, skólalóðin o.fl.

##### **b. Vinnuverndarmál**

Búið að ganga í flest það sem gerðar voru athugasemdir við í heimsókn vinnueftirlitsins í upphafi árs. Eftir er að fullvinna öryggis- og heilbrigðisáætlun sem og áætlun gegn einelti, áreitni og ofbeldi. Frestur til 15. júní til að skila því.

##### **c. Framkvæmdir**

Enn á áætlun að vinna í þakinu í sumar. Skólalóðin er vonandi enn á áætlun næsta sumar.

##### **d. Tíðavörur**

Lagt til að óskað verði eftir við Fræsk/sveitarstjórn að hér verði farið að bjóða upp á tíðavörur fyrir nemendur. Fulltrúar nemenda taka mjög vel í það og segja að þetta hafi verið mikið rætt á meðal nemenda.

**Fundi slitið kl.14:45**